



# Námsáætlun

**ENSK3fa05 vorönn 2021**

**Kennari: Ágústa Axelsdóttir**

**Markmið:** Markmið:

Meginmarkmið áfangans er að auka og auðga orðaforða, efla skilning á grundvallarhugtökum á ýmsum fræðisviðum, þjálfa lestur faglegra texta, hagnýta sérhæfðan orðaforða, t.d. í skýrslugerð, útdráttum, heimildaritgerðum og kynningum. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt með fjölbreytt efni og hafi val um margvísleg verkefni, t.d. innan tiltekinna fræðigreina.

**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi á ýmsum svíðum
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál á viðeigandi fræðasviði og í þeim löndum þar sem enska er töluð
- orðaforða, uppruna hans, málstofnum, orðmyndun og öðru sem gerir nemanda kleift að tileinka sér lesefni í áframhaldandi námi og starfi tengdu viðeigandi fræðasviði

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja sérhæfða texta á ensku
- lesa sér til gagns fræðilega og krefjandi texta og vinna með þá, t.d. finna kjarna máls, rökfærslu og draga ályktanir
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi með stílbrigðum og málsniði sem við á, s.s. í skýrslugerð, útdráttum, heimildaritgerðum og kynningum
- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um fræðileg efni á ensku og tjá sig af öryggi um margvísleg málefni sem tengjast tilteknum fræðasviðum

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um fræðileg málefni, sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt, sem er metið með verkefnum og prófum
- geta flutt vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, dregið fram aðalatriði og rökstutt mál sitt nokkuð nákvæmlega með dænum og brugðist við fyrirspurnum, sem er metið með munnlegri framsögn
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, sem er metið með verkefnum og prófum
- skrifa texta með röksemadafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin, sem er metið með verkefnum og prófum
- geta lýst skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel og nýtt faglegan orðaforða á lípran og skýran máta í ritun og tali, sem er metið með verkefnum, prófum og munnlegri framsögn



- vinna úr ýmsum upplýsingaveitum og fella saman í eina heild samkvæmt þeim venjum sem gilda um heimildavinnu og sem er metið með verkefnum og prófum

**Kennslugögn:** Fræðigreinar úr tímaritum og af Netinu, kaflar úr fræðibókum o.fl.  
Fyrirlestrar o.fl. á Netinu

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.			
02. 1.-5. mars	Study plan and introduction	Assignment 1: Introduction 2% Due March 7th	
03. 08-12. mars	Assignment 2		Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars		Assignment 2- 15% Due 21st March	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Assignment 3		Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl		Assignment 3 – 13% Due 11th April	
07. 12.-16. apríl	Assignment 4		
08. 19.-23. apríl		Assignment 4 – 15% Due 25th April	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Assignment 5		
10. 03-07. maí		Assignment 5 -15% Due 9th May	
11. 10.-14. maí	Assignment 6		Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí		Assignment 6 – 10% Due 18th May	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

**Námsmat: Verkefni gilda 70% og lokapróf í maí 30%**

Assignment 1 – Introduction	2%
Assignment 2	15%
Assignment 3	15%
Assignment 4	13%
Assignment 5	15%
Assignment 6	10%
Final test	30%

Par sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.



Verkefnum er skilað á Innu í liðinn „Verkefni“. Þeim verður að ljúka á tilsettum tíma. Ef verkefnum er ekki skilað á réttum tíma dregst – 1 frá einkunn fyrir hvern dag fyrstu 3 dagana. Eftir það er of seint að skila. Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti.

Frestur er ekki veittur eftir að verkefni á að hafa verið skilað. Í undantekningartilvikum er hægt að biðja um frest fyrirfram ef eitthvað ófyrirséð hamlar. Meginreglan er að allir skili á réttum tíma, beint inn á Innu og þar birtast einkunnir og viðbrögð frá kennara. Ég legg mig fram við að fara fljótt yfir verkefni og birta einkunnir og athugasemdir hjá hverjum og einum eins fljótt og hægt er.

Áætlunin getur tekið smávægilegum breytingum.

Vinsamlegast látið mig vita í tölvupósti, ef þið eigið í sértækum erfiðleikum í námi, t.d. vegna dyslexíu eða langvinnra veikinda.

EKKI skila verkefnum í tölvupósti þar sem afar tafamt er að halda gott bókhald utan um verkefni sem skilað er á þann hátt. Námsnetið heldur vel utan um allt efni áfangans, líka öll verkefni.

Ef þið sendið mér tölvupóst vinsamlegast skráið heiti áfangans og fullt nafn í „subject“línuna til að auðvelda auðkenni. Dæmi: ENSK3fa05 Jón Jónsson.

Ritstuldur er með öllu óheimill.\*

### Ritstuldur (Plagiarism)

Reglur um ritstuld gilda fyrir allt sem skilað er, stærri og minni verkefni, skýrslur, próf og ritgerðir. Öll tilvik þar sem hluti eða heild texta í skýrslu, verkefni eða öðru er tekinn beint úr bók, af vefsíðu, úr verkefni annars nemanda eða annars staðar frá teljast ritstuldur.

**Einkunnin núll er gefin fyrir verkefni sem eru að hluta eða heild ritstolin.**

Í von um gott samstarf á önninni,

Ágústa Axelsdóttir ([aqustaa@fq.is](mailto:aqustaa@fq.is))